Nd. **97. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað »200 kr.« í 5. og 6. málsgrein 1. greinar kemur: 400 kr.

2. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 1. greinar koma tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Laun yfirsetukvenna skulu hækka 3 hvert ár um 50 kr., þar til uppbótin nemur 200 krónum.

Í kaupstöðum skal uppbót þessi vera 100 kr. 3. hvert ár, þar til uppbótin nemur 500 krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk frá stjórn Ljósmæðrafjelags Íslands, en þó ekki farið fram á neitt nálægt því, sem þar var óskað. Þar er óskað eftir allríflegri launahækkun, dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins, eftirlaunum, er nemi helmingi launanna eftir 15 ára starf, en fullum launum eftir 25 ára starf o. fl. Er það fært sem ástæður, að í nágrannalöndum eru kjör ljósmæðra miklu ríflegri en hjer er farið fram á, og það, hve erfitt sje að fá stúlkur, sem starfinu sjeu vaxnar, til þess að taka það að sjer, þegar það er svo illa borgað.

Hjer er nú ekki farið fram á annað en það, að föstu launin sjeu hækkuð, og þó ekki eins mikið og óskað var eftir. En það virðist mjög sanngjarnt, þegar þess er gætt, hve miklar kröfur eru nú gerðar til þess, að þetta starf sje rækt verulega vel, og hve nauðsynlegt og áhrifarikt það er, hvort starfið er í góðum höndum eða ekki. Er þess varla að vænta, að stúlkur gefi sig í þetta starf, þegar borgun fyrir það er varla eins og vinnukonukaup, því að jafnvel þar, sem störf eru lítil, eru ljósmæður samt mjög ófrjálsar og bundnar af því. En breytingin, sem yrði með þessu frumvarpi, er mest fyrir þær ljósmæður, sem nú hafa minst laun. Lágmarkslaunin hækka, en hámarkið, 1000 kr., látið halda sjer, nema hvað aldursuppbót snertir. Þá er ekki heldur haggað neitt við taxtanum, sem verk ljósmæðra eru greidd eftir.

Hve mikilli upphæð þessi hækkun muni nema fyrir ríkissjóð, hefi jeg ekki getað reiknað út, nema svo mikið má segja, að sá liður mun hvorki með breytingunni nje án hennar verða annað en einn af smáliðum útgjaldanna. Á hinn bóginn er hjer um fjölda starfsmanna að ræða (um 200) og ekki um það deilt, hve mikils virði sje, að starf þeirra sje sem best rækt.